

Alþingi
Erindi nr. P / 31 / 383
komudagur 2.12.2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvanneyri 1. desember 2004.


Vísað er í bréf yðar dagsett þann 24. nóvember síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Skólafélags Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri um frumvarp til laga um Háskóla Íslands, 348. mál, Kennaraháskóla Íslands, 349. mál og Háskólann á Akureyri, 350. mál.

Skólafélag LBH mótmælir fyrirhugaðri hækkun skrásetningargjalda í þessa þrjá ríkisháskóla. Við teljum að þessi hækkun muni skila sér í hækkun skrásetningargjalda í öðrum ríkisháskólum og það sé verið smá saman að koma á skólagjöldum. Nú er námsmönnum í þessum þremur ríkisháskólum send rúkkun upp á 140 milljónir um leið og framlög til rekstrarútgjalda háskólanna eiga að lækka um 1%. Við skiljum það svo að það sé verið að velta auknum kostnaði yfir á námsmenn og teljum það vera þróun í vitlausa átt. Nær væri að fella niður svokölluð skrásetningargjöld sem eru í raun ekkert nema skólagjöld. Til samanburðar viljum við benda á að þau tíðkast yfirleitt ekki á hinum norðurlöndunum og þar sem þau tíðkast eru þau að hámarki um 5000 ísl. Kr.

Ein af þeim rökum sem sett hafa verið fram fyrir þessari hækkun eru þau að hún auki metnað og aðhald nemenda í sínu námi. Við teljum hinsvegar að auknar peningalegar álögur á nemendur skapi þeim einungis auknar fjárhagsáhyggjur og séu þar af leiðandi ekki til þess fallnar að bæta námsárangur íslenskra háskólanemenda.

Samkvæmt fylgiskjölum frumvarpanna lítur út fyrir að verið sé að týna til ýmsa kostnaðarliði til þess að fylla upp í þessar 45.000 kr. Við teljum með þessari skólagjaldavæðingu ríkisstjórnarflokkanna sé verið að vega að jafnrétti allra til náms.

Fyrir hönd Skólafélags Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri


Jón Örvar Jónsson
Formaður Skólafélags LBH